

Fimmtudaginn 18. desember 1975.

Nr. 4/1975. **Alþýðusamband Íslands vegna
Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Sláturfélags Suðurlands**
(Baldur Guðlaugsson cand. jur.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Sigurður Línal, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Olafsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um störf kjötiðnaðarmanna.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 23. apríl 1975.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands vegna Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að það verði dæmt brot á 2. mgr. 19. gr. kjarasamnings aðilja frá 17. apríl 1974, að stefndi, Sláturfélag Suðurlands, starfræki pökkunardeild sína án þess að þar starfi faglærður kjötiðnaðarmaður, sem annist þar stjórn og eftirlit.

Þá er þess krafizt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1974 tók til starfa ný pökkunardeild varnaraðila á athafnasvæði hans að Skúlagötu 20 hér í borg, þar sem kjötvörum er pakkað með vélum. Fram til þess tíma hafði hann starfrækt tvær pökkunardeildir að Skúlagötu 20 og Grensásvegi 14, þar sem starfsfólk pakkaði vörum með höndum. Er fyrrsvarsmönnum sóknaraðila varð

kunnugt um, að fyrir dyrum stóð að stofna hina nýju pökkunardeild, rituðu þeir varnaraðila svohljóðandi bréf:

„Þar sem okkur hefur borist til eyrna að verið sé að opna nýja pökkunardeild hjá fyrirtæki yðar og að þar eigi ófaglærður maður að fara með verkstjórn, viljum við benda á eftirfarandi. Í 19. gr. samnings milli Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna og Félags kjötverslana í Reykjavík, Vinnu-málasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands segir svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til að sjá um að öll vinna á kjötvinnslustöðum, sem tilheyrir kjötiðnaðargreininni, skuli framkvæmd af meisturum, nemum og sveinum í F.Í.K.

Samanber yfirlýsingu teljum við að verið sé að ganga á hlut kjötiðnaðarmanna og óskum við upplýsinga sem allra fyrst um þetta mál“.

Vinnuveitendasamband Íslands svaraði þessu bréfi af hálfu varnaraðila hinn 5. júní 1974. Var því haldið fram, að pökkunardeildin væri tvímælalaust hluti af afgreiðslu- og sölu-deild fyrirtækisins og því yrði ekki fallizt á það sjónarmið, sem kæmi fram í bréfi sóknaraðila.

Hin nýja pökkunardeild tók síðan til starfa og var sölustjóra varnaraðila falið að hafa daglega umsjón með henni ásamt aðstoðarmanni sínum, án afskipta kjötiðnaðarmanna. Telja kjötiðnaðarmenn, að með þessari skipan brjóti varnaraðili ákvæði 2. mgr. 19. gr. kjarasamnings kjötiðnaðarmanna við vinnuveitendur frá 17. apríl 1974, sem hljóðar svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til að sjá um, að öll vinna á kjötvinnslustöðvum, sem tilheyrir kjötiðnaðargreininni, skuli framkvæmd af meisturum, nemum og sveinum í F.Í.K., enda sýni sveinar innan F.Í.K. skilríki fyrir félagsréttindum sínum“.

Í tengslum við gerð kjarasamnings 17. apríl 1974 undirrituðu samningsaðilar svohljóðandi yfirlýsingu, sem ágreiningslaust er, að sé hluti af kjarasamningnum:

„Vinnuveitandi skal tilkynna Félagi ísl. kjötiðnaðarmanna hvaða hjálparmenn hann hafi í starfi innan mánaðar frá undirskrift samnings þessa. Fyrir að hafa eftirlit með því að lögum og reglum um rekstur kjötvinnslustaða sé fylgt í hvi-

vetna skal fyrirtæki greiða kr. 25 á vinnuviku til Félags ísl. kjötiðnaðarmanna fyrir hvern hjálparmann, sem það hefur í vinnu. Greiða skal fyrrnefnt gjald með sama hætti og greiðslur orlofsheimilis- og sjúkrasjóðsgjalda til Félags ísl. kjötiðnaðarmanna.

Hjálparmaður telst hver sá maður og kona, sem til aðstoðar er á kjötiðnaðarvinnustöðum, frá því að kjötið eða annað hráefni kemur á vinnslustað og þar til varan er afhent á vöruafgreiðslu til dreifingar“.

Í greinargerð stefnanda er því lýst, að mál þetta sé höfðað vegna brots á kjarasamningi og falli því undir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, en það sé ekki þess efnis, að 2. mgr. 44. gr. laganna eigi við.

Krafa stefnanda er studd þeim rökum, að fram á vor 1974 hafi pökkun kjötvara hjá varnaraðila verið undir stjórn og eftirliti kjötiðnaðarmanna. Þá hafi ekki verið notaðar pökkunarvélar, heldur hafi verið pakkað í plastfilmu, án þess að umbúðir væru lofttæmdar. Með stofnun hinnar nýju pökkunardeildar hafi hins vegar orðið sú breyting á, að þessi þáttur hafi verið tekinn undan stjórn kjötiðnaðarmanna, en falinn manni, sem varnaraðili telji aðstoðarmann kjötiðnaðarmanna, þótt þeir hafi í raun ekkert eftirlit með störfum hans né starfsemi í pökkunardeildinni. Er á það bent, að verulegur hluti pökkunar fari nú fram með þeim hætti, að varan sé sett í plastpoka eða á plastbakka, sem síðan séu settir í vél, sem lofttæmi umbúðirnar og loki þeim. Jafnhliða sé svo notuð sú aðferð, sem áður hafi tíðkapt, að raða vörunni á bakka, sem lokað sé með plastfilmu, án þess að umbúðir séu lofttæmdar, og sé þá pökkun hrein handavinna. Enda þótt vélvæðingin og pökkun í lofttæmdar umbúðir hafi ótvíræða yfirburði yfir eldri pökkunaraðferðir, þar sem geymsluþol vörunnar aukist, breyti það ekki þeirri staðreynd, að áður en varan komist í hinar lofttæmdu umbúðir, sé hún handleikin af starfsfólki pökkunardeildarinnar. Því þurfi að ýmsu að gæta, einkum þó því, að fyllsta hreinlætis sé gætt, hitastig sé hæfilegt og að varan bíði ekki of lengi pökkunar, en það geti ráðið úrslitum um það, hvort gerlamagn í vöru fari yfir hættumörk eða ekki. Sé það þáttur í

námi kjötiðnaðarmanna að þekkja allar kröfur, sem gerðar séu varðandi meðferð kjötvöru, þeir nemi matvælafræði og gerlafræði og eigi að kunna skil á lögum og reglugerðum um meðferð, geymslu og mat á kjöti og kjötvörum. Störfum þeim í kjötvinnslustöðvum, sem falli undir kjötiðnina, ljúki þá fyrst, er varan sé tilbúin til afhendingar í venjulegum söluumbúðum. Í öðrum kjötvinnslustöðvum hér á landi hafi kjötiðnaðarmenn stjórn og eftirlit með pökkun, enda þurfi öll meðferð kjöts í kjötvinnslustöðvum, frá því að það kemur til vinnslu og þar til það fer þaðan í neyzluumbúðum, að vera undir eftirliti fagmanna, þ. e. kjötiðnaðarmanna, til þess að unnt sé að tryggja fyllsta hreinlæti lögum samkvæmt.

Við munnlegan flutning málsins var krafa stefnanda aðallega reist á því, að sannað sé með framburðum Barða Friðrikssonar, Jósefs Sigurgeirssonar og Thorvalds Imslands, að pökkunardeild stefnda hafi verið til umræðu á samningafundum til undirbúnings kjarasamningum á árinu 1974. Hafi fyrirsvarsmönnum stefnda verið ljóst, að þar hafi talsmenn sóknaraðila verið að krefjast viðurkenningar á því sjónarmiði, sem áður hafi komið fram, að aðstoðarmenn við pökkun falli undir verkstjórn kjötiðnaðarmanna. Hafi síðan verið um þetta samið með ákvæðum yfirlýsingar, sem undirrituð hafi verið 17. apríl 1974 og verið hafi hluti kjarasamnings sóknaraðila og stefnda. Þetta verði ljóst, þegar borin sé saman greind yfirlýsing við gerð kjarasamningsins 1974 og hliðstæð yfirlýsing, sem gerð hafi verið við næsta kjarasamning á undan. Þá var því og haldið fram, að þetta sjónarmið hafi stefndi staðfest með því að greiða hjálparmannagjald af Hjalta Eymann, sem veitt hafi hinni nýju pökkunardeild forstöðu. Samkvæmt yfirlýsingunni með kjarasamningnum frá 1974 hafi kjötiðnaðarmönnum þeim, sem starfa hjá stefnda, verið falið eftirlit með hreinlæti og hollustuháttum, þar til varan sé afhent til dreifingar, en til þess að því verði fullnægt, verði þeir að geta fylgzt með vörunni þar til henni hafi verið pakkað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki sé ágreiningur um það, að félagsmenn sóknaraðila skuli njóta forgangsréttar til þeirra starfa, sem falli undir iðngrein þeirra, en að

mati stefnda falli störf í pökkunardeild ekki undir kjötiðnaðargreinina og því komi 2. mgr. 19. gr. kjarasamnings ekki til álita. Hafi stefndi um áratugaskeið starfrækt pökkunardeildir án verkstjórnar, eftirlits eða nokkurra afskipta kjötiðnaðarmanna. Kjarasamningur aðiljanna hafi um árabíl haft að geyma ákvæði hliðstætt 2. mgr. 19. gr. kjarasamnings aðiljanna frá 17. apríl 1974 og hafi aldrei áður komið til þess, að kjötiðnaðarmenn krefðust íhlutunar í starfsemi pökkunardeildar. Pökkunardeildin hafi ætíð verið í beinum tengslum við vöruafgreiðslu, þ. e. söludeild fyrirtækisins, og starfsfólk deildarinnar verið ráðið af yfirmanni vöruafgreiðslu, sölustjóra, og hafi hann ásamt aðstoðarmönnum sínum haft umsjón með daglegri starfsemi pökkunardeildarinnar. Við sameiningu pökkunardeildanna hafi vélvæðing verið aukin. Nýja pökkunardeildin sé áföst og í beinum tengslum við sölu- og afgreiðsludeild, en kjötvinnsludeildin sé í sérbyggingu og talin pökkunardeildinni óviðkomandi. Engin grundvallarbreyting hafi orðið á rekstri pökkunardeildarinnar við sameiningu hinna eldri deilda og vélvæðingu, og verði vélar þær, sem nú eru notaðar til pökkunar, engan veginn taldar kjötiðnaðarvélar, enda séu þær víða notaðar til að pakka öðrum vörum en kjötmeti. Í pökkunardeild fari ekki fram nein kjötvinnsla, heldur sé þar pakkað vörum, sem komi fullunnar frá hendi kjötiðnaðarmanna og komnar af verksviði þeirra. Þetta gildi um pökkun, vigtun og sölu vörunnar, en þetta þrennt haldist í hendur. Ekki skipti máli við úrlausn máls þessa, hver tilhögun sé hjá öðrum aðiljum, enda hljóti deildarskipting, rekstrarfyrirkomulag og gerð hvers einstaks fyrirtækis að ráða þar miklu um. Einnig verði að gera greinarmun á því, hvað skylt sé og hvað kunni að vera hagkvæmast eða einfaldast og geti kjötiðnaðarmenn verið í fleiri störfum en þeir eigi samningsbundinn rétt til. Hins vegar takmarkist 2. mgr. 19. gr. kjarasamningsins við störf, sem falli undir kjötiðnað. Í flestum verzlunum sé miklu af kjötvörunum og öðrum fullfrágengnum matvælum pakkað af öðrum en kjötiðnaðarmönnum. Þá er því haldið fram, að ákvæði laga um menntunarskilyrði til að gegna ákveðnum störfum verði að skýra þröngt með hliðsjón af ákvæði 69. gr. stjórnarskrár-

innar. Á sama grundvelli verði að skýra þröngt ákvæði kjarasamninga um forgang félagsmanna stéttarfélaga til tiltekinna starfa. Verði að vera ótvírætt, að hlutaðeigandi verkefni rúm-ist innan ramma samningsákvæðisins til að forgangsréttarverndar njóti við. Hér sé ekki slíku til að dreifa, því um sé að ræða störf, sem séu óviðkomandi vinnslu kjötvara og falli utan við verksvið kjötiðnaðarmanna og þeir hafi aldrei unnið. Er því mótmælt, að óstaðfest námsskrá kjötiðnaðarmanna breyti þar nokkru um. Þegar hin nýja þökkunardeild hafi komið til sögunnar, hafi þótt nauðsynlegt að ráða sérstakan verkstjóra og hafi þá orðið fyrir valinu niðursuðufræðingur, sem starfað hafi í mörg ár sem verkstjóri hjá stefnda og hafi því langa reynslu að baki í meðferð matvæla. Hann sé félagi í Verkstjórafélagi Íslands. Þar sem maður þessi hafi áður unnið ýmis störf hjá stefnda, sem sum hver falli undir kjötiðnað, hafi verið greidd gjöld vegna manns þessa til sóknaraðila samkvæmt kjarasamningi aðilja og hafi því verið haldið áfram af misgáningi eftir að hann tók til starfa við þökkunardeildina.

Fyrir dóminum hefur Jósef Sigurgeirsson, trúnaðarmaður kjötiðnaðarmanna á athafnasvæði varnaraðila að Skúlagötu 20, sem var í stjórn og samninganefnd Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna við gerð kjarasamningsins við vinnaveitendur, er undirritaður var 17. apríl 1974, skýrt svo frá, að 2. mgr. yfirlýsingarinnar með kjarasamningnum hafa komið til áréttingar hliðstæðri yfirlýsingu með kjarasamningnum frá 1972. Hafi þetta stafað af því, að eftir gerð kjarasamningsins 1972 hafi komið upp ágreiningur um, hverjir teldust kjötiðnaðarmenn, þ. e., af hverjum ætti að greiða aðstoðarmannagjald. Hafi varnaraðili ekki viljað greiða gjald þetta af fólki, sem vann við þökkun. Hafi þessu ákvæði verið bætt inn í yfirlýsinguna til að koma í veg fyrir misskilning og hafi þetta ákvæði m. a. átt að ná til starfa við þökkun. Jósef kveður þökkun hjá varnaraðila hafa farið fram á fleiri stöðum en einum, áður en hin nýja þökkunardeild tók til starfa. Hafi þá verið pakkað að Skúlagötu 20 og Grensásvegi 14, þar sem pakkað hafi verið niðurskornu áleggi, salötum, sinnepi og brauðmat (skonsum). Einnig hafi verið pakkað á starfsstöð

stefnda á Selfossi og þar hafi kjötiðnaðarmaður stjórnað eða haft umsjón. Annars hafi verið dálítið óljóst, hver hafi haft á hendi verkstjórn við pökkun að Skúlagötu 20. Fólki, sem vann við pökkun, hafi t. d. stimplað sig inn og út með starfsfólki við kjötiðnað og meistari í pylsugerð hafi greitt fólkinu laun. Jósef kveður það eitt dæmi þess, að pökkun sé beinn þáttur í fullvinnslu kjötvöru, að varnaraðili hafi nú um nokkurt skeið beitt nýrri aðferð við meyrnun á nautavöðvum. Aðferð þessi sé fólgin í því, að kjötið sé úrbeinað fljótlega eftir slátrun eða þýðingu og beztu vöðvarnir settir í poka úr gerviefni, sem séu sérstaklega gerðir fyrir kjötmeyrnun. Síðan sé pokunum lokað. Varan sé síðan geymd í kæligeymslu, þar til hún hafi meyrnað og sé hún þá tilbúin til sölu. Með þessu fáist jafnari og betri gæði nautakjöts.

Thorvald Imsland, sem hefur verið í samninganefnd Félags ísl. kjötiðnaðarmanna síðustu níu árin og starfar hjá varnaraðila, skýrir svo frá, að 2. mgr. yfirlýsingarinnar með kjarasamningnum frá 17. apríl 1974 hafi verið sett til frekari skilgreiningar á ákvæði yfirlýsingar, sem komið hafi inn í kjarasamning á árinu 1972. Hann kveður það hafa verið nokkuð óljóst, hver hafi verið yfirmaður pökkunardeildar varnaraðila að Skúlagötu 20, áður en hin nýja pökkunardeild tók til starfa. Þannig hafi t. d. verkstjóri pylsugerðar séð um greiðslu launa til starfsfólks pökkunardeildar. Starfsfólk, sem vann við pökkun, hafi haft sama vinnutíma, matar- og kaffitíma og starfsfólk pylsugerðar. Thorvald kveður pökkunardeildina hafa verið starfrækta miðsvæðis milli framleiðsludeildarinnar og afgreiðslunnar. Hafi það að öllu jöfnu verið starfsmenn pylsugerðarinnar, sem fært hafi allt að pökkunardeildinni, en síðan hafi vörurnar verið fluttar yfir í söludeildina til dreifingar. Í pökkunardeild varnaraðila að Grensásvegi hafi verið pakkað salötum, niðursneiddu áleggi og sinnepi. Thorvald kveður það dæmi þess, að pökkun sé þáttur í að fullvinna kjötvöru, að nautavöðvum sé pakkað í lofttæmdar umbúðir til að láta það moðna. Sé þetta framleiðsluaðferð, sem falli undir kjötiðnað. Thorvald kveður ágreining hafa risið við starfsmannastjóra varnaraðila, Teit Lárusson, um það, hvort forgangsréttarákvæði í kjarasamningi ætti að taka

til þökkunarstarfa. Hafi þetta verið rætt sérstaklega og verið talið heppilegast að ræða þetta atriði á samningafundi og fá það þannig á hreint. Þegar svo samningaviðræður hafi farið fram á árinu 1974, hafi þetta verið rætt við Jón H. Bergs, forstjóra stefnda.

Barði Friðriksson, skrifstofustjóri Vinnuveitendasambands Íslands, skýrir svo frá, að hann hafi verið við samningagerð Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna að hann heldur frá upp-hafi. Kveður hann ákvæði um forgangsrétt þeirra stétta, sem Vinnuveitendasamband Íslands semur við, vera í öllum samningum, sem Vinnuveitendasamband Íslands geri við stéttarfélag og slíkt ákvæði um forgangsrétt hafi verið í kjarasamningi Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna frá upphafi. Hann kveður skilgreiningu á því, til hvaða starfa forgangsréttur kjötiðnaðarmanna nái, hafa verið tekna upp í kjarasamninginn 1974, en ekki kveðst hann minnst, að hún hafi átt að breyta neinu frá því, sem áður hafi tíðkast. Barði kveður ákvæði um greiðslu gjalds af hjálparmönnum kjötiðnaðarmanna hafa komið inn í kjarasamninginn á árinu 1972, en síðan hafi það verið frekar skilgreint í samningnum frá 1974. Við gerð kjarasamningsins 1974 hafi þökkunardeild sóknaraðila komið til umræðu, en þannig hátti til, að sumt starfsfólk vinni þar eingöngu að þökkunarstörfum, en aðrir gangi á milli og hjálpi stundum kjötiðnaðarmönnum. Hafi kjötiðnaðarmenn viljað fá hjálparmannagjaldið af fólki því, sem ýmist vann að þökkun eða hjálpaði kjötiðnaðarmönnum. Barði kveður það ekki hafa komið fram hjá kjötiðnaðarmönnum við gerð síðustu kjarasamninga, að forgangsréttarákvæðið í kjarasamningi þeirra tæki til þökkunarstarfa eða að þeir hafi kvartað undan því, að forgangsréttarákvæðið væri brotið við rekstur þökkunardeildar varnaraðila. Síðari málsgrein yfirlýsingarinnar hafi komið inn við gerð samningsins 1974. Hafi hann litið svo á, að þeir kjötiðnaðarmenn, sem hefðu forréttindi, væru að reyna að rýmka svo gjaldheimtu, að hún næði einnig til hjálparmanna, sem ýmist ynnu að þökkun eða aðstoðuðu kjötiðnaðarmenn. Kveðst hann telja þökkunardeildina hluta af vöruafgreiðsludeild.

Vígfús Tómasson, sölustjóri heildsölu varnaraðila, kveðst

hafa haft umsjón með pökkunardeild varnaraðila að Skúlagötu 20 í um tuttugu ár, þ. e. frá upphafi. Pökkunardeildin sé enn undir sinni stjórn eftir breytingu þá, sem gerð var. Varnaraðili hafi einnig starfrækt pökkunardeild í vörumiðstöðinni að Grensásvegi 14, þar sem pakkað hafi verið áleggi, og hafi sölustjóri vörumiðstöðvarinnar veitt þessari pökkunardeild forstöðu. Kjötíðnaðarmenn hafi aldrei verið kvaddir til að starfa við pökkunardeildina að Skúlagötu 20 eða til að sjá um rekstur hennar. Þeir hafi skilað kjötvörunum til pökkunardeildarinnar, þar sem síðan hafi verið gengið frá slíku til afgreiðslu og sölu. Hafi engin breyting orðið á þessu. Vigfús kveður það stundum hafa komið fyrir, að starfsfólk væri flutt milli kjötíðnaðardeildar og pökkunardeildar eftir þörfum.

Nanna Í. Einarasdóttir og Ásdís Mogensen, sem starfa hjá stefnda að Skúlagötu 20, hafa lýst yfir, að í hinni nýju pökkunardeild hafi verið pakkað nýjum nautavöðvum og pakkarnir síðan lofttæmdir og merktir.

Komið er fram í málinu, að þann 7. marz sl. voru greidd aðstoðarmannagjöld til sóknaraðila vegna átta starfsmanna í pökkunardeild, þar á meðal Hjalta Eymanns, en átján störfuðu í deildinni.

Með hliðsjón af yfirlýsingu þeirri, sem fram kemur í greinargerð stefnanda og munnlegum málflutningi, þykir mál þetta ekki lagt fyrir dóminn með þeim hætti, að um það verði dæmt á grundvelli 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, hvort störf í pökkunardeild varnaraðila að Skúlagötu 20 falli undir kjötíðnað.

Það hefur ekki verið leitt í ljós, að kjötíðnaðarmenn hafi starfað í eða veitt forstöðu pökkunardeild varnaraðila að Skúlagötu 20, þar til pökkun hófst þar með vélum. Ekki er heldur nægilega leitt í ljós, að með ákvæði 2. mgr. yfirlýsingarinnar frá 17. apríl 1974 hafi verið samið um, að störf í pökkunardeild, sem varnaraðili hefur starfrækt og starfrækir að Skúlagötu 20, skuli lúta ákvæði 2. mgr. 19. gr. kjarasamnings aðilja frá 17. apríl 1974.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Ragnar Ólafsson og Hafsteinn Baldvinsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Félags íslenzkra kjötiðnaðarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.